



Alþingi  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

31. október 2014  
Tilvísun: 2014100043

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), 30. mál**

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar til Fjármálaeftirlitsins hinn 23. október sl. þar sem óskað var eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins vegna frumvarps um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða) (30. mál).

Athugasemdir Fjármálaeftirlitsins eru sem hér segir:

Frumvarpið gerir ekki greinarmun á heimildum lífeyrissjóða til fjárfestinga á skipulegum verðbréfamarkaði í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um kauphallir nr. 110/2007 og markaðstorgi fjármálagerninga í skilningi 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Fjármálaeftirlitið bendir á að með umræddri breytingu færu heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga á MTF úr 20% af hreinni eign lífeyrissjóðs í 100% af hreinni eign lífeyrissjóðs. Með hliðsjón af framangreindu bendir Fjármálaeftirlitið á að fyrri hugmyndir, sem hafa ekki hlotið brautargengi, hafa jafnað til þess að lífeyrissjóðum væri veitt heimild til að telja allt að 5% af eignum á MTF sem skráð bréf. Núverandi tillaga gengur mun lengra.

Þá bendir Fjármálaeftirlitið á að starfandi er nefnd á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem vinnur að því að endurskoða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Með hliðsjón af framangreindu telur Fjármálaeftirlitið ekki eðlilegt að jafna MTF við skipulegan verðbréfamarkað. Það er ljóst að mun vægari kröfur eru gerðar til útgefanda með bréf á MTF. Sem dæmi þá nær gildissvið VI. – X. kafla laga um verðbréfavíðskipti ekki til útgefanda sem eru með fjármálagerninga í viðskiptum á MTF.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Þá vekur Fjármálaeftirlitið athygli á því að frumvarpið virðist miðast sérstaklega við núverandi reglur First North markaðarins sem rekinn er af Kauphöllinni.

Fjármálaeftirlitið bendir á að öðrum fjármálafyrirtækjum er heimilt að starfrækja MTF og gætu þau MTF miðast við eins opnar reglur og íslensk lög leyfa. Þá bendir Fjármálaeftirlitið ennfreður á að ekkert kemur í veg fyrir að slakað verði á reglum First North síðar meir.

Að lokum vekur Fjármálaeftirlitið athygli á því að frumvarpið miðar eingöngu að því að heimila fjárfestingar á MTF sem starfrækt eru með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið telur leika vafa á því að umrætt ákvæði standist EES-samninginn þar sem þjónustufrelsið á m.a. að tryggja að það á að vera hægt með jafn hagkvæmum forsendum að eiga viðskipti á MTF í öðrum EES ríkjum.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rúnar Guðmundsson

Gunnar Þór Ásgeirsson